

## Heimsmínjar og sjálfsmynd

### Sjálfsmynd

Heimsmínjar geta hjálpað okkur að átta okkur á eigin uppruna svo og menningarlegri og félagslegri sjálfsmynd okkar. Frá fæðingu erum við aðgreind hvert frá öðru með líffræðilegum og erfðafræðilegum einkennum sem við fáum frá foreldrum okkar. Fingraför eru til dæmis varanlegur hluti sjálfsmyndar okkar. Eins er nafnið mikilvægur hluti af sjálfsmyndinni þótt það geti breyst á lífsleiðinni.

Sjálfsmyndin er samt sem áður ekki aðeins einstaklingsbundin. Spurningin „Hver er ég?“ tengist beint spurningunni „Hver erum við?“ – í þessu tilfelli getur „Við“ til dæmis átt við þjóðernishóp, þjóð eða trúarbrögð sem við tilheyrum.

Við tengjumst öðrum og myndum hópa aðallega í gegnum tungumál, trú, helgisiði, siðferðisreglur, hefðir, matarmenningu, fatnað og þess háttar.

Þjóðerni er venjulega tjáð með táknum eins og þjóðbúningum, fána, skjaldarmerki og þjóðsöngvum.

- + *Hafa Íslendingar ákveðna helgisiði? Hvaða helgisiðir eru það?*
- + *Hvaða önnur íslensk gildi er gott að nýta enn í dag?*

### Sjálfsmynd í heimi hraðrar þróunar

Á sama hátt og einstaklingar taka breytingum í tímans rás breytast samfélög og menningarhópar sem við tilheyrum. Breytingar sem þessar eru ekki nýjar af nálinni en frá síðustu öld hafa breytingarnar orðið mun hraðari en áður vegna áhrifa frá vísinda- og tækniþyngingunni, nýjunga í ferðamálum, fjarskiptum og fjölmiðlum auk tilkomu síma, sjónvarps og alnetsins, og síðast en ekki síst vegna *hnattvæðingar*.

Oft er talað um hnattvæðingu í efnahagslegri merkingu en hnattvæðing hefur einnig mikil félagsleg og menningarleg áhrif. Ein af birtingarmyndum þessara áhrifa er tilhneiging fólks, sérstaklega ungs fólks, til að nýta sér fjöldaframleiddar vörur sem dreift er um heim allan, til dæmis tónlist, kvikmyndir, framhaldspætti, föt og skyndibita.

Félagsleg og menningarleg hnattvæðing getur haft margt gott í för með sér. Til dæmis með auknu framboði á matvælum og miðlum, meira sambandi milli fólks í mismunandi heimshlutum og einföldum leiðum til að kynnast menningu og siðum annarra. Við megum þó ekki gleyma góðum eiginleikum eigin menningar um leið og við njótum kosta hnattvæðingarinnar. Sem dæmi má nefna virðingu Íslendinga fyrir náttúrunni.

Eitt megininntakið í ásatrú, þjóðtrú Íslendinga þar til þjóðin gerðist kristin fyrir rúmum 1000 árum, er að lifa í sátt við náttúruna og bera virðingu fyrir henni og öllu lífi. Í gegnum ásatrúna og þjóðsögur okkar um álfa og huldufólk hefur náttúran verið gerð lifandi og virðingarverð. Í nútíma gróðasamfélagi er oft fremur stefnt að skjótum efnahagslegum gróða en langtímagróða sem felst í sjálfbærri þróun í nýtingu auðlinda. Nauðsynlegt að hafa þessi gömlu gildi á bak við eyrað þegar hugsað er um nýtingu náttúruauðlinda.

Annað dæmi eru gildi ýmissa ættbálka í Afríku sem leggja áherslu á samband fólks og náttúru, þess efnislega og óefnislega, þess hlutlæga og hugræna og milli kynslóða fortíðar og nútíðar. Allan þennan brunn visku og gilda er hægt að nota til þess að leysa nútíma vandamál er varða til dæmis umhverfisvernd og lausn átaka.